



FORELDRAFÉLAG VATNSENDASKÓLA FRÉTTABRÉF

ENGIN VORHÁTÍÐ Í ÁR

Undandarin ár höfum við fagnað skólaslitum með því að blása til veglegrar vorhátíðar. Því miður verður ekki mögulegt að halda hátíðina í ár því skv reglugerð er óheimilt að halda viðburði með fleiri en 150 manns og teljast grunnskólabörn þar með. Foreldrafélagið, í samvinnu við 10. bekk stefnir á að halda hausthátíð og fagna bjartari tímum. Nánar auglýst þegar nær dregur.

SKÓLARÁÐ

Óskað er eftir foreldrum í skólaráð skólans en ráðið tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Það fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda.

SKÝRSLA STJÓRNAR OG ÁRSREIKNINGAR

Skýrsla stjórnar og ársreikningar fyrir skólaárið verða aðgengileg á vef skólans að loknum aðalfundi.

KÆRU FORELDRAR

Óhætt er að segja að skólaárið hafi verið óhefðbundið og krefjandi. Við í stjórn foreldrafélagsins lögðum upp með metnaðarfulla dagskrá en fljótlega var ljóst að sóttvarnir og reglur þeim tengdar settu okkur ýmsar skorður enda ekki leyfilegt að halda viðburði. Bráðum kemur betri tíð og á næsta skólaári verður ekki síður mikilvægt að halda öflugum foreldrastarfi gangandi.

Foreldrafélagið er samstarfsvettvangur foreldra og markmið þess er að efla og tryggja gott samstarf heimila og skóla, vinna að velferð nemenda, efla kynni foreldra innbyrðis, stuðla að fræðslu um skóla- og uppeldismál og standa vörð um réttindi barna til mennta og aukins þroska. Félagið er umræðuvettvangur fyrir það sem betur má fara og veitir skólanum aðhald og stuðning er varðar stjórnun og stefnumál skólans. Mikilvægt er að allir sem koma að skólasamfélaginu leggi sitt af mörkum þannig að öllum nemendum líði vel í skólanum. Það þarf heilt þorp til að ala upp barn.

Kveðjur, stjórn foreldrafélagsins 2020-2021:

Ragnhildur Helgadóttir, formaður
Tómas Albert Holton, gjaldkeri og röltfulltrúi
Eiríkur Magnús Jenson, ritari
Brynhildur Anna Jónsdóttir
Elín Sigurðardóttir

AÐALFUNDUR FORELDRAFÉLAGS 7. JÚNÍ

Aðalfundur Foreldrafélags Vatnsendaskóla verður haldinn mánudaginn 7. júní kl. 18:00-19:00 að Hótel Kríunesi. Léttar veitingar í boði.

Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf:

1. Skýrsla stjórnar
2. Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar
3. Félagsgjöld ákveðin
4. Stjórnarkjör
5. Önnur mál

Allir foreldrar eru kjörgengir og geta gefið kost á sér í stjórn. Nú liggur fyrir að af 5 manna stjórn eru þrír sem ætla að gefa kost á sér áfram þannig að það vantar a.m.k tvo nýja inn í stjórn og tvo í skólaráð.

Foreldrar eru hvattir til að mæta og hafa áhrif á störf foreldrafélagsins.